

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“

Munur á sameignarminni þeirra sem upplifðu eldgosíð í Vestmannaeyjum 1973 og afkomenda þeirra.

Gísli Stefánsson

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í félagsvísindum

Félagsvísinda- og lagadeild

Mái 2017

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“

- Munur á sameignarminni þeirra sem upplifðu eldgosið í Vestmannaeyjum 1973 og afkomenda þeirra

Gísli Stefánsson

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinandi
Þóroddur Bjarnason

Félagsvísinda- og lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2017

Titill: Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur. - Munur á sameignarminni þeirra sem upplifðu eldgosid í Vestmannaeyjum 1973 og afkomenda þeirra.

Stuttur titill: Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur.

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í félagsvísindum

Höfundarréttur © 2017 Gísli Stefánsson

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Gísli Stefánsson, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið,

Háskólinn á Akureyri, 35 bls.

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún

Vestmannaeyjar, maí, 2017

Yfirlýsing

Ég lýsi því hér með yfir að ég er einn höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna

Gísli Stefánsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs við Hug- og félagsvísindasvið

Þóroddur Bjarnason

Útdráttur

Eldgosið á Heimaey sem hófst aðfaranótt 23. janúar 1973 hafði mikil áhrif á samfélagið í Vestmannaeyjum. Flestir íbúarnir voru fluttir frá Eyjum upp á fastalandið en hluti þeirra, um 200 manns, varð eftir til að bjarga verðmætum. Þegar gosinu lauk hófst mikið uppbyggingarstarf sem skilaði sér í blómlegu samfélagi sem hefur vaxið með árunum eftir gos. Flestir komu aftur en fjölmargir kusu að hefja nýtt líf á fastalandinu. Fólkið sem upplifði gosið hefur kosið að tala sem minnst um upplifun sína af gosinu nema þá þætti hennar sem eru gamansamir og skemmtilegir. Erfiðum upplifunum hefur frekar verið pakkað niður og þær faldar fyrir nýrri kynslóðum. Í þessari rannsókn er munur á sameignarminni þeirra sem upplifðu gosið og komu aftur og afkomenda þeirra kannaður. Niðurstaðan er sú að sameignarminni afkomendanna einkennist af glansmynd sem inniheldur fyrst og fremst hugmyndir um hetjudáðir fólksins og sigur þeirra á náttúruöflunum vegna þess hve óaðgengilegar persónulegar upplifanir af gosinu eru.

Lykilhugtök: Heimaeyjargosið, sameignarminni, upplifendur, afkomendur

Abstract

On January 23rd, 1973 a volcano eruption began on the small island of Heimaey in Vestmannaeyjar, south of Iceland. Most of the 5300 inhabitants were evacuated but a small portion of about 200 stayed behind to save valuables. When the eruptions ended 6 months later, most of the inhabitants returned to excavate and rebuild their town while others stayed on the mainland. Some had started a new life on the mainland that suited them well, others had been traumatized by these events and couldn't imagine returning. The majority of the islanders that lived through the time of the eruption and the restoration of Heimaey will remain somewhat quiet and reclusive when it comes to sharing their experience of these events, apart from the occasional forth going storyteller types. Difficult experiences have been packed up and put away. In this research, I study the difference between the collective memory of those that experienced the eruption and their descendants. The conclusion is that the collective memory of the descendants characterizes in the shiny image that concludes the heroism of the people and their victory over nature, because the personal experiences of the eruption are mostly unavailable to them.

Key terms: Heimaey Eruption, Collective Memory, Experiencers, Descendants.

Formáli

Heimaeyjargosið

Gos hófst á Heimaey í Vestmannaeyjum rétt fyrir kl. 2:00, aðfaranótt 23. janúar 1973 er um 1600 metra löng sprunga opnaðist austast á eyjunni. Bæjarbúar, sem á þeim tíma voru um 5300, flúðu flestir til meginlandsins en um 200 manns urðu eftir til þess að bjarga verðmætum. Hátt í 400 hús hurfu undur hraun og mikil verðmæti með. Á meðan gosið stóð yfir höfðust vinnuflokkar við í Vestmannaeyjum að bjarga verðmætum, negla fyrir glugga, sópa vikri af húspökum, slökkva elda, aðstoða við hraunkælingu o.fl. Þeim, sem voru á fastalandinu var oftast tekið vel, þó að alls ekki allir hafi haft aumkun yfir þessum hóp flóttafólks. Sumir lentu í bágrri stöðu sökum þess að hafa þurft að flýja heimili sitt og fengu á sig þann stimpil að vera þurfalingar (Heimaslóð, e.d.).

Í maí og júní 1973 hófst hreinsunarstarf og uppbygging í Vestmannaeyjum þar sem hraunrennsli hafði að mestu stoppað, götur og garðar voru hreinsuð og hús grafin upp. Formleg goslok voru svo tilkynnt af Almannavarnefnd þann 3. júlí 1973. Smátt og smátt fóru íbúar Heimaeyjar að streyma aftur heim. Ekki komu allir aftur. Sumir töldu sig betur borgið á meginlandinu. Sumir höfðu fengið betri vinnu og höfðu það betra en áður, aðrir höfðu það ekki í sér að flytja aftur og takast á við þau verkefni sem þar biðu (Heimaslóð, e.d.).

Um þennan merka atburð í sögu þjóðar okkar hafa verið gerðar nokkrar heimildamyndir, gefnar út bækur, ritað í blöð og núna síðast opnaði gosminjasafnið Eldheimar í Vestmannaeyjum (Heimaslóð, e.d.).

Aðeins um Eldheima

Gosminjasafnd Eldheimar í Vestmannaeyjum var opnað við hátíðlega athöfn þann 23. maí 2014, 41 ári frá gosinu (Rúv 2014). Þungamiðja sýningar safnsins er húsið sem áður stóð við Gerðisbraut 10 en húsið var grafið upp og safnhúsið byggt yfir það. Tæknin er vel nýtt til þess að veita gestum innsýn í þann tíma sem gosið stóð yfir, eyðilegginguna sem það skildi eftir, sem myndgervist svo vel í Gerðisbraut 10 og svo uppbyggingarstarfinu sem fylgdi á eftir. Gestir safnsins fá snjalltæki með staðsetningarbúnaði sem skynjar hvar í sýningunni þeir eru staddir. Rödd sögumannsins á tækinu segir svo gestunum frá helstu þáttum í tímalínu gossins í samræmi við staðsetningu þeirra í sýningunni. Myndavélar hafa svo verið staðsettar inni í húsinu sem stóð við Gerðisbraut 10 og með stýribúnaði sem staðsettur er fyrir utan húsið geta gestir skoðað hvernig húsið lítur út að innanverðu (Eldheimar, e.d.). Þegar þetta er skrifað hefur vinna við persónulega þátt gossins, upplifanir eintaklinga og hópa, hafist fyrir alvöru en hópur meistaranema í safnafræði við Háskóla Íslands kom til Vestmannaeyja í mars 2017 til þess að taka viðtöl við einstaklinga um upplifun þeirra af gosinu (Kristín Jóhannsdóttir, 2017).

Í þessari ritgerð er safnið og upplifanir fólks af því nýtt til þess að fá fólk, sérstaklega þá sem eldri eru, til að tala um upplifun sína af gosinu og hjálpa rannsakanda að skilja þá upplifun betur.

Orð frá rannsakanda

Ég er fæddur og uppalinn Vestmannaeyingur fæddur árið 1987. Ég hef búið í Vestmannaeyjum alla mína tíð utan eins og hálfis árs útleigdar í Reykjavík um tvítugsaldurinn. Þegar ég hugsa til baka um þekkingu mína um Heimaeyjargosið vefst það örlítið fyrir mér hvað sú þekking er takmörkuð. Þrátt fyrir að margir minna nánustu ættingja, þ.m.t. móðir mín og bróðir hennar, og afi minn og amma í móðurætt hafi verið í Vestmannaeyjum þegar gosið

hófst, sum þeirra verið hér á meðan að á gosinu stóð og öll tekið þátt í uppbyggingunni, á ég í grunninn aðeins tvær sögur frá þeim sem gætu talist persónulegar. Önnur er frá móður minni sem er enn þann dag í dag mjög þakklát fyrir að hafa aldrei þurft að taka Gísla sögu Súrssonar prófið sem leggja átti fyrir að morgni 23. janúar 1973 í Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja. Hin sagan segir frá því þegar að glóandi hraunbolti flaug í gegnum stofugluggann á heimili ömmu minnar og afa, en svo vel vildi til að afa var heima og fjarlægði grjótið áður en það kveikti í húsinu. Þar fyrir utan þekkti ég meginatriði í tímalínu gossins, gosnóttina, fólksflutningana, björgunarstarfið, skaðann, lát þess eina sem lést, hraunkælinguna, goslokin, hreinsunarstarfið, heimkomu fólksins og svo uppbyggingarstarfið. Það er samt ekkert persónulegt við þá þekkingu. Á mínu heimili og í minni fjölskyldu var og er sjaldan talað um gosið. Í raun aðeins þegar góðar, fyndnar og skemmtilegar minningar tengdar gosinu skjóta upp kollinum. Enginn af ofangreindum ættingjum mínum missti eigur sínar í gosinu en hús langömmu minnar og langafa fór undir hraun. Það hefur sjálfsagt haft áhrif á fólkið mitt en um það er lítið rætt. Það var ekki fyrr en ég horfið á heimildarþættina „Ég lifi...“ sem komu út árið 2003 þegar 30 ár voru liðin frá gosinu á Heimaey að ég upplifði atburðina sem eitthvað annað en hetjudáð og sigur á náttúruöflunum. Ég upplifði sorg, depurð og jafnvel örlitla reiði. Ég skildi loksins að fólk hafði fórnað öllu og upplifað raunverulega erfiðleika. Í heimildarmyndinni sá ég þar sem stóð uppi á hól í faðmlögum og horfði á húsið sitt brenna. Mig langaði frá þeirri stundu að skilja af hverju ég þurfti að leita annað til fá betri innsýn inn í persónulega þátt gossins og um leið að athuga hvort að aðrir á mínu reki ættu þessar ópersónulegu minningar sameiginlegar með mér. Til þess vinn ég með hugtakið sameignarminni (e. Collective Memory).

Vinna mín við þetta B.A.-verkefni á rætur sínar í námskeiðið „Rannsóknarverkefni í félagsvísindum II“ (VRK0276) við Háskólann á Akureyri, sem kennt var af Þóroddi Bjarnasyni. Í því námskeiði vann ég fræðilega hluta verkefnis að langmestum hluta en námskeiðið er liður í undirbúningi að verkefni sem þessu.

Efnisyfirlit

Útdráttur	5
Abstract	6
Formáli	7
Heimaeyjargosið	7
Aðeins um Eldheima	8
Orð frá rannsakanda	8
Kenningalegur bakgrunnur	11
Rannsóknarspurningin	19
Öflun gagna.....	19
Niðurstöður	20
Umræða.....	30
Framhaldið og spurningar sem vakna	33
Heimildaskrá.....	34

Kenningalegur bakgrunnur

Þegar litið er til kenninga og rannsókna á sameignarminni (e. Collective memory) hópa og samfélaga ber fyrst að líta til höfundar grunnkenningarinnar sjálfrar, franska heimspekingsins og félagsfræðingsins Maurice Halbwachs. Hann skipti sameignarminni upp í tvo hluta. Í fyrsta lagi talar hann um sameignarminni sem minningar tengdar atburðum sem hópur eða samfélag hefur upplifað sameiginlega og getur þjónað þeim tilgangi að tengja upplifendur saman. Dæmi um slíka atburði er brúðkaupsafmæli hjóna og árgangsmót skólafélaga. Til að viðhalda minningum um hjónavígsluna hafa hjónin tímamót til að miða við sem er t.d. brúðkaupsafmælið og þegar þau fagna því eru þau um leið að styrkja sameiginlegt minni sitt um brúðkaupsdaginn sem og aðrar tengdar minningar úr sambandi þeirra. Þegar hópur hittist á árgangsmóti minnast félagarnir liðinna tíma sem tengist sameiginlegri skólagöngu þeirra og viðhalda þannig sínu sameiginlega minni um hana. Ef ekki verður regluleg upprifjun getur það orðið til þess að minningarnar dofna og hverfa. Okkar eigin minningar eiga því rætur sínar í öðru fólki (Halbwachs, 1992).

Í öðru lagi talar hann söguminni (e. Historical Memory) en það eru þær sameiginlegu minningar hóps eða samfélags þar sem einstaklingarnir upplifðu ekki sjálfir en geta þó upplifað þær í gegnum heimildir þeirra sem upplifðu, jafnt frá ýmiskonar myndbirtingum, rituðum heimildum, heimildum sem hafa lifað í munnlegri geymd sem og beint frá þeim sem upplifðu. Þeim er svo viðhaldið með endurupplifun þeirra í gegnum aðra atburði sem sameina hópinn sem á minningarnar sameiginlega. Dæmi um slíkt er árleg Gosloka hátíð í Vestmannaeyjum, haldin fyrstu helgina í júlí ár hvert, og 4. júlí, þjóðhátíðardagur Bandaríkjamanna. Fyrrgreindar hátíðir, sem minna Vestmannaeyinga á sigur þeirra á náttúruöflunum og Bandaríkjamenn á lýðræði og sjálfstæði sitt, styrkja svo þá sem ekki upplifðu atburðina til að eiga hlutdeild í þeim og finna sig sem hluta af þeim hóp sem á rætur einkenna sinna í hinum sameiginlega atburði (Halbwachs, 1992).

Þrátt fyrir að við höfum ekki upplifað atburðina munum við samt eftir þeim í gegnum heimildir. Rannsóknir hafa sýnt þegar litið er til atburða fortíðar, að fólk þekkir til þeirra og getur kallað upp frásagnir af þeim þrátt fyrir að hafa ekki getað verið viðstatt sjálf hvorki í tíma né rúmi. Dæmi um slíkt er rannsókn á þekkingu fólks á þremur stórum stríðum í sögu Bandaríkjanna. Frelsisstríðinu, seinni heimsstyrjöldinni og Íraksstríðinu. Niðurstöðurnar sýndu að fólk þekkti vel til allra stríðanna og gátu flestir nefnt 10 mikilvæga þætti tengda hverju stríði óháð því á hvaða aldri þátttakendur voru (Zaromb o.fl, 2014).

Þeir þátttakendur sem áttu tengsl við meðlimi í andspyrnuhreyfingu Dana í seinni heimsstyrjöldinni áttu meiri og nákvæmari minningar af atburðum andspyrnuhreyfingarinnar en þeir sem ekki áttu fyrrgreind tengsl (Berntsen og Thomsen, 2005).

Berntsen, Willert og Rubin (2003) komust að því að sálræn áföll skapa óstarfhæfa viðmiðunarstaðla (e. Dysfunctional Reference Points) sem hafa áhrif á tilhögun á öðrum persónulegum minningum fólks sem haldið er áfallastreituröskun. Þetta leiðir til óstöðugar hegðunar svo sem ágengni og þess að forðast aðra.

Þó er mismunandi hversu mikil áhrif atburðir hafa á fólk og hvort að þeir nái það mikilli festu í huga fólks að það tengi líf sitt og breytingar á því til þeirra. T.a.m. er fólk líklegra til þess að tengja við atburði sem stóðu yfir í lengri tíma en atburði sem standa yfir í styttri tíma (Brown, Lee og Krslak, 2009).

Í ritgerð sinni hófu Licata, Klein og Gely (2007) að marka útlínur sameignarminnis og samband þess við félagsleg auðkenni (e. Social Identities). Þeir skoðuðu hvort sameignarminni um átök fortíðar er líklegt til að hamla sáttum. Að lokum reyndu rannsakaendur að finna lausnir með því að færa til og deila minningum af átökunum bæði innan og milli samfélagshópa.

Schuman og Willard (2012) spurðu Bandaríkjamenn í rannsókn sinni hvaða atburðir, síðan á 4. áratug 20. aldar, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi, þeir tryðu að hefðu sérstakt mikilvægi í sögunni. Þeir vildu í fyrsta lagi sjá hvernig sameignarminni breytist þegar nýjir atburðir eiga sér stað, svo sem endalok kalda stríðsins eða árásirnar 11. september 2001, og í öðru lagi hvort uppruni slíkra minninga haldist stöðugur í tíma og við þann grunn sem hún byggir á, sértaklega á mest mótandi æviskeiðunum, frá upphafi kynþroska og fram að fullorðinsárum.

Í rannsókn Luminet o.fl. (2012) sem gerð var í Belgíu er því haldið fram að sameignarminni hópa sé mismunandi, þegar litið var til stjórnmálakreppunnar þar í landi árið 2010 og þess rofs sem til varð í þjóðríkinu vegna hennar, eftir því hvaða tungumálauppruna hver hópur hafði. Sýn fólks á stjórnmálakreppuna virtist fara eftir því hvaða tungumálauppruna það hafði. Önnur belgísk rannsókn skoðaði hvernig sálfræðileg verkun (e. Psychological efficacy) aðgerða mismunandi tungumálahópa þar í landi hafa sett fram suma hluta fortíðar sinnar og sleppt öðrum (Hirst og Fineberg, 2012).

Stórar samfélagslegar breytingar geta haft mikil áhrif á sameignarminni hópa. Grein Schwartz (1997) lítur til breytinga í áliti bandarísks samfélags á Abraham Lincoln eftir að aðskilnaðarstefna var lögð niður þar í landi um miðjan 7. áratug síðustu aldar. Á aðskilnaðarstefnutímanum var hann tákni íhaldsseminnar en eftir að aðskilnaði var rift var Lincoln orðinn tákngevingur mannréttinda, sjálfsstæðra kynþátta og jafnaðar þeirra á milli. Svipaða sögu má segja um fyrsta forseta Bandaríkjanna, George Washington, en frá 1800 – 1865 minntust Bandaríkjamenn hans sem fjarlægum, hæverskum manni, höldnum gallalausri dyggð, en eftir 1865, að loknu borgarastríðinu þar í landi var hann orðinn jafn mannlegur og aðrir, með alla sömu gallana og því gat hinn almenni borgari samsamað sig honum (Schwartz, 1991).

Griffin (2004) skoðaði mismunandi áhrif afrísk-amerísku mannréttindahreyfingarinnar sem starfaði á 6. og 7. áratug síðustu aldar á hvíta Bandaríkjamenn, eftir búsetu og aldri, og út frá hugmyndum Mannheim um auðkenni kynslóðanna (e. generational identity). Í ljós kom að þeir sem voru búsettir í suðurríkjunum á þessum tíma og voru á seinni hluta unglingsáranna eða fyrri hluta fullorðinsáranna, upplifðu mannréttindabaráttuna sterkar en aðrir. Í ljós kom að þar sem stórir atburðir gerast móta þeir meðvitund og minni þeirra sem búa þar og að kenning Mannheim er stað- og aldursbundin.

Sagan hefur sýnt að flutningar hafa ekki aðeins áhrif á svæði, framleiðslugetu og samsetningu samfélagsins heldur einnig á varðveislu menningar og að hún eigi sér arfleiðir. Eftir fellibylinn Typhoon Morakot sem gekk yfir Taiwan árið 2009 var eyðileggingin mikil og heilu þorpinn hurfu. Í greininni er sérstaklega gefinn gaumur að þremur þorpum og fólkinu sem þau byggði, en ákveðið var að koma þeim öllum fyrir á sama stað þar sem fyrri búsetusvæði voru ekki hentug lengur. Þetta hafði mikil áhrif á menningu íbúanna og samfélagið sem þau þekktu fyrir varð aldrei samt (Taiban, 2013).

Choque Marino og Diaz Araya (2015) skoðuðu notkun gagna um fjölskyldusögu til þess að leysa samfélagsleg og pólitísk vandamál í Altos de Arica í norðurhluta Chile. Notkun þessara minnistækja sem geyma upplýsingar um sameiginlegan bakgrunn fólksins varðveitir samfélagið fyrir menningarlegum og samfélagslegum breytingum sem og að leiða af sér betrubætur og leysa vandamál.

Þekking ungs fólks á sameiginlegum atburðum samfélags þeirra getur verið mismunandi því aðgangur að upplýsingunum gæti þurft að sækja stig af stigi og í mismunandi áttir. Í grein Lee og Chan (2013) kemur í ljós þekking margs ungs fólks í Hong Kong á fjöldamorðunum á Tiananmen torginu þar í borg 4. júní 1989 var oftast en ekki takmörkuð og einfölduð samanborið við raunveruleikann.

Minningar um ofbeldi eða átök sem hópur hefur upplifað sameiginlega í fortíðinni getur íþyngt yfirstandandi átökum sem endurspeglast í grófri birtingarmynd haturs, hefnigirdni og hópgreiningarálits, og gerir núverandi átök að spegilmynd fyrri átaka (Peaz og Liu, 2011). Slík átök geta einnig orðið til þess að slæmar minningar eru bældar niður og íbúarnir einbeita sér að því góða sem samfélagið á sameiginlega.

Í rannsókn Gill (2012) skoðar hún 20 hvíta íbúa Birmingham í Alabama fylki í Bandaríkjunum en þar á mannréttindabarátta afrísk-amerískra Bandaríkjamanna á framanverðri 20. öld rætur sínar. Þessum 20 hvítu aðilum hafði tekist að taka út þær minningar sem tengdi þau við hugmyndafræði aðskilnaðarstefnunnar og tengja sig í staðinn við nútíma hugsunarhátt.

En hvað er það sem tengir saman allar þessar minningar og mótar sameignarminni hópa? Þar eru fjarskiptakerfi og fjölmiðlar afar hlutskarpir (Kligler-Vilenchik o.fl, 2014). Segja má að fyrstu drög sögunnar eru gjarnan skrifuð af fjölmiðlum og leggjum við traust okkar á þeirra frásögn frekar en að skoða söguna sjálf (Edy, 1996). Annað dæmi sem nefnt hefur verið er fyrirbærið kynslóðaáhrif (e. generational effects), en með því er átt við að fólk sem er uppi á sama tíma og býr við sama tíðaranda verður fyrir sömu áhrifum frá umhverfinu. Það sem skapar svo kynslóðaáhrifin eru minningar sem verða til þegar persónulegar minningar einstaklings og minningar hópsins sem hann tilheyrir mætast (Schuman og Scott, 1989).

Í rannsókn Song og Muschert (2013) voru 216 kóreskir þátttakendur, sem annars vegar voru búsettir í Suður Kóreu og hins vegar í Bandaríkjunum, beðnir um að nefna þrjá mikilvæga atburði úr sögu Kóreu og segja til um ástæður vals síns. Niðurstöðurnar voru þær að kynslóðaáhrifa er að gæta í báðum löndum þrátt fyrir munin milli menningarheimanna sem fólkið býr í.

Í grein Wertsch (2011) er þeirri spurningu kastað fram hvað veldur hópamyndun og um leið hvað aðgreinir hópinn frá öðrum. Greinarhöfundurinn segir að það sem tengir fólk saman í

hóp er frásagnarform (e. Narrative templates), þ.e. hvernig hópurnir dreifir innbyrðis sögu sinni á milli meðlima. Hluti einkenna frásagnarformsins er að hópurnir neitar að breyta auðkennum sínum, er fullur sjálfsaðdáunar og einkenni hans sé ekki hægt að falska. Þetta skýrir svo ímynd hópsins og aðgreinir hann frá öðrum hópum.

Til að tengja þetta svo allt saman má spyrja sig hinnar heimspekilegu spurningar: „Hvernig skiljum við heiminn?“ Við notum sameiginlega fortíð og endurupplifanir á þeim til að skilgreina hann (Teegar, 2014), því einstaklingar þurfa að muna sameiginlega rétt eins og persónulega (Hirst og Manier, 2008).

Söfn eiga ríkan þátt í að viðhalda sameignarminni hópa. Dæmi um slíkt er „The Smithsonian’s September 11 exhibit“ sem er minningarreitir og safn til minningar um þá er létust í hryðjuverkunum 11. september 2001 í Bandaríkjunum. Sýningin sem gestir ganga í gegnum á safninu, sem staðsett er á grunnum Tvíburaturnanna, fær gesti til að upplifa atburðina upp á nýtt á mjög persónulegan máta (Fried, 2006).

Á tímum herforingjastjórna í Suður Ameríku hurfu þúsundir pólitískra aðgerðasinna, fræðimanna, leiðtoga stéttarfélaganna og annarra. Illa var farið með þetta fólk. Það pyntað og myrt fyrir skoðanir sínar af eigin ríkisstjórn. Í Argentínu hefur fólk tekist á við þessa hryllilegu fortíð með því að minnast þeirra sem hurfu t.a.m. með söfnum sem staðsett eru á fyrrum leynilegum miðstöðvum pyntinga og morða. Þetta vinnur gegn þeirri þöggun sem var ein afleiðinga atburðanna, byggir upp nýjar minningar og er þessi hulda saga að verða hluti af sameignarminni þjóðar (Wilson, 2016).

Orrustan í Dardanells (Canakkele) Í Tyrklandi sem háð var í fyrri heimstyrjöldinni milli Tyrkja og ástralskra og ný-sjálenskra herdeilda Bandamanna hefur leikið mikilvægt hlutverk í uppbyggingu og viðurkenningu á þjóðareinkennum þessara þriggja landa. Vígvöllurinn í Dardanelles var endurreistur sem þjóðgarður árið 1973 en í honum er að finna grafreiti sem geyma leifar hermanna herjanna þriggja, minnisvarða og minningarsöfn. Þeir sem þangað fara

fá á lifandi og lýsandi hátt að upplifa aðstæður orrustunnar. Ásókn Tyrkja í garðinn er til endurvakningar og viðhalds sameignarminnis Þjóðarinnar um atburðina í Dardanelles og styrkir Þjóðareinkennin. Þjóðgarðurinn hefur einnig orðið til þess að fjölga ferðamönnum sem koma til Tyrklands frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi sem styrkir sameignarminni þess hóps. Er sá straumur ferðamanna orðinn mikilvægur grunnur í umsvifum í ferðamennsku á svæðinu við Þjóðgarðinn (Aykaç og Kutbay, 2016).

Mikil ábyrgð felst í því að setja upp sýningar á minningarsöfnum en sjónarhornið sem gefið er hefur áhrif á sameignarminni hópsins sem það varðar. Safnskipið „SS Great Britain“ sem staðsett er í Bristol tekur á sögu nýlendustefnu breska heimsveldisins. Sýningarhöfundar hafa að mati greinarhöfundar leyft sér að fara frekar léttum höndum um viðfangið en að mati greinarhöfundar er sýningin sett upp á þann máta að gestum líði vel með þessa sögu.

Lykilsjónarhorn sýningarinnar er ferð hvítra Breta í von um betri framtíð í Ástralíu og færir greinarhöfundur rök fyrir því að ekki teljist lengur ásættanlegt að arfleidarstofnanir almennings (e. Public Heritage Institutions) fari frjálsglega með sögu breskrar nýlendustefnu sem í raun byggir líka á heimsvaldastefnu, yfirgangi og græðgi sem bitnaði á saklausu fólki víða um heim (Withers, 2011).

Ekki voru allir á eitt sáttrir þegar The National Air and Space Museum í Bandaríkjunum hugðist gera kjarnorkusprengrum Bandaríkjahers í Hírósíma og Nagasakí í síðari heimsstyrjöld skil í sýningu. Greinarhöfundur kannaði orðræðu gagnrýnenda gegn sýningunni en þeir drógu trúverðugleika þeirra skilaboða sem sýningin vildi senda í efa og þá heimild sem sagnfræðingar hafa til að segja frá þessum atburðum á þennan tiltekna hátt í almennu rými. Greinarhöfundur kemst að því að á meðan að sameiginlegir dómar á fortíðinni eru mikilvægir eiginleikar í umræðu í samtíma og framtíð, þá er óúthugsuð hylling á kjarnorkuárásam áminning um að almenningur hefur ekki rótað nægilega vel upp hvaða þýðingu kjarnorkusprengrar hafa fyrir mannkynið í heild (Prosis, 1998).

Ýmsar leiðir hafa verið farnar til þess að varðveita sameignarminni hópa og menningarverðmæti þeirra. Um miðjan 10. áratug 20. aldar var settur upp svokallaður menningarbanki (e. The Culture Bank) í útjaðri Timbúktú í Malí. Helsta verkefni bankans var að tryggja varðveislu menningarverðmæta sem fyrir tilstilli ólöglegra viðskipta áttu á hættu að hverfa úr landinu. Bankinn veitti fólki á svæðinu lán gegn því að fólkið leggði muni inn í bankann sem bankinn gætti og sýndi á safni sínu. Fólkið fékk svo lán samkvæmt verðmæti munanna. Þetta studdi við menningu og viðhélt sameignarminni þeirra er bjuggu á svæðinu um hefðir og menningu (Crosby, 2015).

District Six safnið opnaði í útjaðri Svæðis sex í Cape Town í Suður-Afríku í desember árið 1994, sama ár og Suður-Afríka varð að lýðveldi (District Six Museum, e.d.). Safnið vinnur með sögu Svæði sex en það er þekkt fyrir að þaðan voru fjarlægðir með valdi tugir þúsunda dökkra til að rýma fyrir nýju búsvæði fyrir hvítt fólk. Þeir dökku voru færðir í úthverfi borgarinnar þar sem þeir voru vanræktir af yfirvöldum. Safnið er leið til að benda á að þó að það sé hægt að taka heimilin af fólki er ekki hægt að taka minningarnar af þeim (Rassool, 2006).

Rannsóknarspurningin

Vestmannaeyjum má í grófum dráttum skipta í tvo hópa. Annars vegar hópinn sem upplifði gosið, kom aftur og byggði upp eyjuna og hins vegar hópinn sem telst til afkomenda þeirra. Er munur á sameignarminni þessara tveggja hópa hvað Heimaeyjargosið varðar og ef svo er í hverju felst sá munur og hvað skýrir hann?

Öflun gagna

Til öflunar gagna við þessa ritsmið var stuðst við tvo rýnihópa. Fyrri hópinn samanstóð af 5 einstaklingum, allir fæddir eftir gosárið 1973 og áttu það sameiginlegt að búa í Vestmannaeyjum og eiga ættingja og vini sem upplifðu gosið. Þessir fimm einstaklingar voru á ólíkum aldri, tvö fædd á áttunda áratugnum, tvö á þeim níunda og einn var fæddur á tíunda áratugnum. Seinni hópinn samanstóð af 5 einstaklingum sem bjuggu í Vestmannaeyjum þegar gosið hófst og fluttu aftur heim til Eyja eftir gos. Sum þeirra höfðu búið og starfað á meginlandinu á meðan gosið stóð yfir en aðrir tekið þátt í björgunaraðgerðum í Vestmannaeyjum á gostímanum. Þau voru einnig á ólíkum aldri. Tvö þeirra eru fædd á fimmta áratugnum, tvö á þeim sjötta og einn á þeim sjöunda. Allir þátttakendur í rannsókninni áttu það sameiginlegt að hafa farið í gegnum sýninguna í Eldheimum. Undir báða hópana voru bornar sömu 5 spurningarnar. Fyrstu þrjár spurningarnar snéru að minningarsafninu Eldheimum og síðustu tvær spurningarnar að gosinu sjálfu.

1. Hvað finnst ykkur um safnið Eldheima og sýninguna þar?
2. Hvaða tilfinningar vakna þegar farið er í gegnum þessa sýningu?
3. Er sýningin í Eldheimum í samræmi við upplifun fjölskyldu ykkar og vina af gosinu?
4. Hvaða þýðingu og afleiðingar hefur gosið fyrir samfélagið sem er í Eyjum í dag?
5. Hver er ímynd ykkar af gosinu? Þ.e. hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar þið hugsið um gosið? Er það af jákvæðum eða neikvæðum toga?

Niðurstöður

Opinská umræða um Heimaeyjargosið og fylgifiska þess er ekki algeng í Vestmannaeyjum. Fyrir suma er það einfaldlega of erfitt umræðuefni. Þegar ég lauk viðtalinu við eldri hópinn spurði ég þau hvort þau hefðu einhvern tíma fyrr sest niður og rætt gosið í líkingu við það sem hópurinn hafði gert. Almennt voru þau sammála um að það hafi ekki gerst áður og alls ekki við álíka tilefni.

- *Ja, ekki í þessum tilgangi.*
- *Bara svona í vinahóp*
- *En kannski ekki í klukkutíma.*
- *nei... en þú veist... [við spurðum okkur] hvernig datt okkur í hug að flytja hingað [aftur]...*

Það eru margar mismunandi ástæður fyrir því hvers vegna fólk ræðir þetta lítið sín á milli en ljóst er að úrvinnsla áfallsins sem fylgir því að missa líkt og margir gerðu er takmörkuð. Fólk lýsir ótrúlegum missi þegar það loksins opnast á umræðuna.

- *Þetta var ekki mjög gott. Eins og [þegar] ég kom hérna á fimmta degi. Þá var nú suðaustan átt og það var svona, einhverjir hnellingar sem hrundu yfir allan bæinn og menn gátu kveikt í sígarettu með þeim ef þeir vildu þeir voru svo glóandi. Enda loguðu hús út um allan bæ, sér í lagi í austurbænum. Maður var að fara heim og tína til dót, sem í raun var ekki hægt. Þetta var 500 metra frá gossprungunni, heimili mitt. og svo þegar það var búið að finna þetta til þá var að redda vörubíl. En þeir voru allir uppteknir hérna vestur í bæ. Svo tókst okkur það loksins og... en þetta var alveg skelfileg upplifun fyrir 14 ára unglings, í raun og veru. Horfa upp á hverfið sitt... þar sem maður ólst upp... húsið og allt... þetta hvarf.*

E.t.v má segja að flestir sem komu aftur og byggðu upp bæinn hafi bælt niður þær erfiðu tilfinningar sem fylgdu gosinu. Ekki misstu allir allt, en það eitt að hugsa til þess að stórt og mikið landsvæði austur á Heimaey sé horfið sjónum og enginn kemur til með að geta barið það augum aftur, er mörgum erfitt.

- *Já það er eins og sagt er... æskustöðvar... að missa það sem maður þekkti best.*

- *Já já. Það bara hvarf.*
- *Það hverfur bara sí svona... og kemur ekki aftur.*

Þær tilfinningar sem vakna hafa margir lagt til hliðar og kosið að fela í gleymsku. Þegar sótt er að slíkum tilfinningum úr óvæntum áttum getur það gert fólki erfitt fyrir. Hnútararnir eru harðir og fólk ekki hvenær sem er í stakk búíð til þess að losa um þá.

- *Ég veit að börnin mín hafa mjög oft 23. janúar haft það verkefni að vinna eitthvað með gosið og einu sinni... dóttir mín fékk það verkefni að tala við einhvern sem upplifði gosið, taka viðtal og hún hringir í afa sinn og spyr hvort að hann væri til í það og það komu svona vöbblur á hann og ... og hún segir mamma tala þú aðeins við afa og ég fer svo að spyrja hann og hann segir: “Veistu, mig langar þetta rosalega en ég treysti mér bara ekki í þetta núna.” Þá gat hann bara ekkert rætt þetta.*

Í gegnum tíðina hafa komið út nokkur heimildarverk um gosið, þar á meðal nokkrar heimildarmyndir sem sýndar hafa verið á öldum ljósvakans. Árið 2003 í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá gosinu var „Ég lifi...“, heimildarmynd í nokkrum hlutum, sýnd í sjónvarpinu (Kvikmyndir.is, e.d.). Þessi heimildarmynd sem og önnur heimildarverk sem sýnd hafa verið, hafa verið leið til að höggva á stóra, löngu gleymda hnúta. Einn viðmælandi ræddi viðbrögð föðurs síns í tengslum við þessa þætti.

- *Pabbi sagði: “Það var örugglega á þriðja þætti eða eitthvað, þá sagði hann ég sat og það allt í einu hrundu niður tár. Gjörsamlega.”*

Þegar ég hóf vinnu við þetta verkefni var það mér nokkuð ljóst að eitthvað álíka og heimildarmyndirnar þyrfti til að opna á umræðuna um gosið, sérstaklega þegar litið er til eldri hópsins. Eldheimar, minningarsafn um eldgosíð á Heimaey var því góður upphafspunktur, en að mínu mati er sýningin sem þar hefur verið sett upp eitthvað sem snertir við öllum. Allir sem tóku þátt í rannsókninni áttu það sameiginlegt að hafa farið í gegnum sýninguna í Eldheimum. Ég hóf umræðuna með því spyrja fólk út í upplifun sína af sýningunni sjálfri og

hvað því finndist um safnið sjálft. Þau sem voru í yngri hópnum lýstu yfir mikilli ánægju með safnið og þá upplifun sem þau fengu af því að fara í gegnum sýninguna.

- *Mér finnst algjörlega magnað að það hafi verið búið til safn utan um hús sem var grafið upp. Mér finnst það algjörlega bara stórkostlegt. Og að þú upplifir...þú getir fundið öskuna...þú getur fundið... heyrt hljóðin, þú getur... mér finnst þetta bara virkilega vel heppnað safn.*

Annar viðmælandi benti á hversu vel hlutirnir eru færðir í stílinn í sýningunni.

- *Fagurfræðilega séð þá er safnið sko rosalega flott og vel að því staðið að öllu leyti enda margverðlaunað fyrir tæknina og allt sem er notað. Ég er náttúrulega svoleiðis gaur soldið sko, þannig að ég upplifði hana soldið líka, hvaða tækni er verið að nota í hvað sýningu, sko hvaða atriði og þannig að sú upplifun var rosalega mikil... ..sko maður upplifir þetta í raun fyrst þarna sko, þennan atburð.*

Þau sem tilheyra eldri hópnum hafa trú á því, eftir að hafa farið í gegnum sýninguna, að safnið sé góð leið fyrir þá sem ekki upplifðu gosið að komast nær upplifuninni.

- *... ég hef trú á því fyrir fólk sem ekki lifði gosið eða, það hafi eitthvað... komist nær því heldur en bara að heyra sögu. Það eru ótrúlegar myndir þarna og það er hægt að fara í tíma og sjá hvernig gosið var þannig að þetta er bara mjög skemmtilegt og gott.*

Þau eru sammála um að safnið hristi upp í minningum sem kveikja á einhverju sem þau hafa jafnvel ekki fundið fyrir lengi. Það var ljóst að sumum leið ekki vel með það.

- *Ég var alveg slegin þegar ég var búinn að fara þarna. Ég hef bara einu sinni farið og mig langar ekkert að fara aftur. Það var bara einhvern veginn...*
- *Kallaði eitthvað gamalt?*
- *Já. Þetta er flott og allt það en þetta er ekki eitthvað sem mig langar að fara aftur og aftur. Ég vil ekkert venjast þessu.*
- *Mér fannst þetta mjög áhrifaríkt. Ég... svona... þetta stakk mig... sérstaklega þegar ég... þetta voru leikstöðvarnar hjá okkur. Maður eyddi bara mörgum dögum þarna á þessu svæði.*

Einn viðmælandi minntist á hversu mikið gildi safnið hefur fyrir sögu Vestmannaeyja og nálægð nýrra kynslóða við sögu gossins.

- *...og mér finnst frábært af því við vorum að glata þessari sögu og þessari upplifun og maður sér þó hvað þetta er áhrifaríkt.*

Ekki eru þó allir sáttir við hvernig safnið var hannað. Einn viðmælenda úr eldri hópnum bendir á að honum hafi gramist það hve lítið þeir sem voru í Eyjum í gosinu höfðu um það að segja hvernig staðið var að hönnuninni. Hann vildi meina að þeir sem voru í Eyjum í gosinu hefðu betri tilfinningu og vitund fyrir hvar staðsetja ætti safnið.

- *Mér fannst þetta til dæmis algjörlega fáránlegt að fara ofan á húsin, grafa ofan á húsin... .. já ég bara verð að koma því að vegna þess ég var bara reiður raunverulega vegna þess að fólk vill bara ekkert hlusta á okkur sem að vorum hérna, og til dæmis þegar húsið hans Einars var upphaflega grafið upp hérna, farið niður á það og það reynist mjög illa farið og bara ónýtt, eða manni fannst það alla vega og það þýddi ekkert þó maður margsegði fólki, þetta er af því að þarna var 40 tonna jarðýta ofan á húsunum þarna að skarka sumarið 74 sko. Annars væri húsið meira og minna heilt. Við verðum að athuga það að askan er mjög verndandi ef ekkert raskar því sko.*

Yngri hópurinn nefndi óánægjuraddirnar sem heyrðust í bænum í aðdraganda byggingu safnsins. Umtalið snéri að því hve dýrt verkefnið væri og að fólk hafði áhyggjur af því að þarna væri verið að róta upp gömlum óþægilegum minningum. Þau virtust átta sig á því hvað bjó að baki þeim röddum sem reyndu að draga niður verkefnið.

- *Þetta hefur allt verið einhvern vegin bara sagan, talað um þetta, aldrei kannski af þeim sem eru nálægt manni sko. Þetta einhvern vegin í mörgum Eyjamönnum er þetta sko óþægilegt að tala um þetta, eitthvað slæmt sem gerðist, þessu hefur soldið verið pakkað niður. Af því kannski hefur þetta soldið verið sárt fyrir marga að það skuli vera að þrýsta þessu á yfirborðið og gera eitthvað úr þessu.*

Það sýnir sig að þetta var erfitt fyrir marga og viðmælendur í rannsókninni einnig, sérstaklega þá eldri, þegar spurt er út í hvaða tilfinningar vöknudú þegar farið var í gegnum safnið. Það var mér ljóst að eldri viðmælendurnir voru ekki alveg tilbúnir til að svara þeirri spurningu.

- *Sko þegar gosið byrjaði þá er ekkert til í þessu þjóðfélagi sem heitir áfallahjálþ. Ég hugsa að heilt bæjarfélag hafi þurft að fara í gegnum svoleiðis dæmi. Maður veit ekkert hvaða áhrif þetta hefur haft á fólk. Ég get sagt um hana mömmu gömlu, hún labbaði um allan bæinn þveran og endilangan en hún fór aldrei upp á hraun. Það er bara þannig. Hún gat setið í bíl ef það var keyrt þar um en hún labbaði aldrei þangað.*

Það virtist auðveldara fyrir upplifendur gossins að segja frá upplifun annarra og upplifun sinni á gostímanum heldur en að segja hvernig þeim leið inni á safninu.

- *Ég kom... kem hérna bara um haustið 73 og er að vinna hérna og það var svartamyrkur. Það var ekki ljósatýra neinstaðar. Ég svaf ekkert þessar nætur. Ég bara vaknaði upp við þú veist... bara... bíl keyra eða. Já maður var svo næmur. Maður var alltaf með þennan ótta, er að fara að gjósa? Þetta var hrikalegt alveg. En maður lagði þetta á sig, það var ekkert... ég var að vinna hérna. Var ekkert annað í boði.*

Þegar ég lagði enn frekari áherslu á að þau segðu mér hvaða tilfinningar vöknudu var aftur beygt undan. Frá þeirri stundu var mér það ljóst að ég væri e.t.v. of nærgöngull en um leið tókst mér að opna mjög persónulegar frásagnir frá því í gosinu. Það stóð þó síður á svári hjá þeim yngri.

- *Ég dáist bara ótrúlega að fólk, ég bara fæ svona stolt...svona gæsa húð og verð bara svona ótrúlega stolt af fólkum sem að lifði eldgosinu og bara að aldrei neitt annað sem kom til greina en bara að flytja aftur til Vestmannaeyja og græja bara eyjuna sína og gera allt sem þurfti að gera. Þannig að ég svona bara, finnst, fólk vera svona, ekki heppið að hafa upplifað eldgosinu, að sjálfssögðu ekki, en mér finnst það svona vera meiri manneskjur fyrir vikið...*
- *Þetta er líka svo rosalega nálægt manni. Þetta er bara ein kynslóð sko. Og ég held að stolt og aðdáun sé svoldið það sem maður skynjar og svoldið náttla líka auðmýkt gagnvart sko bara náttúrunni og hvað við erum í raun og veru lítil og þetta getur gerst hvar sem er. Það er bara þannig.*

Þau voru öll sammála um að fórnin sem var færð af fólkinu sem vann í gosinu, kom aftur og byggði bæinn sé þakkarverð og sé ein helsta ástæðan fyrir því að þau byggi þetta samfélag í dag.

Ljóst er að Eldheimar eru að vinna með sögu sem er mörgum viðkvæm. Því er eðlilegt að spyrja sig hvort sýningin fari vel með söguna og vinni rétt úr henni, eða hvort að eitthvað trúfli þá sem fara í gegnum sýninguna. Þegar þau yngri eru spurð hvort einhverjir tengdir þeim sjái eitthvað að sýningunni segjast þau ekki hafa heyrt af því.

- *... í kringum mig finnst mér þetta hafa nákvæmlega verið svona. Þeir svona sem eru nánastir mér hafa sagt að safnið segir söguna nákvæmlega eins og þau upplifðu þetta bara.*

Þau eldri eru í meginatriðum sammála um að sýningin fari ekki með neinar fleipur og benda á að úr því að sýningin hafi áhrif á fólk sé hún vel unnin.

- *Sennilega snertir þetta mann af því að þetta er svo raunverulegt... þegar maður er kominn þarna.*

Þau eldri benda þó á sýningin er fyrst og fremst að vinna með tímalínu gossins en horfi framhjá því sem er kannski mikilvægast.

- *Ja... þetta safn er fyrst og fremst um gosið en kannski [ekki] um íbúana...*
- *Það hefði mátt bæta við. Það vantar þessi skil. Það vantar þetta björgunarstarf, þar sem að menn voru, og menn voru náttúrulega að fórnna. Þetta var fórn. Þetta var ekkert annað en fórn sem menn voru að gera. Maður sá það eftir gos, þá var ég í að rífa frá húsunum hérna gluggum og glerja... ...maður sá alveg hvað menn höfðu verið að gera, reyna að bjarga, menn vissu ekkert. Þetta var bara tilraun að reka upp spýrur undir loft, styrkja loftaplötur. Þið getið ímyndað ykkur það ef að kæmi svo jarðýta yfir, þessa spýra myndi ekki halda neinu, en menn gerðu bara allt.*

Að mati þeirra eldri vantar persónulegri nálgun í sýninguna. Hvert hugarfarið var við aðstæður eins og þegar eyjan var rýmd, verðmætum var bjargað, neglt var fyrir glugga, tekin var ákvörðun um að kæla hraunið, goslokin, hreinsunin og uppbyggingin. Hvað voru menn að hugsa þegar þeir tókust á við eitthvað sem mörgum þótti jafnvel ómögulegt? Einnig vantar þátt kvenna, en þær báru veg og vanda af velferð fjölskyldunnar. Margar konur voru einar

með börnin á fastalandinu á meðan að mennirnir þeirra voru í Eyjum að berjast við náttúruöflin. Hvernig leið þeim við þær aðstæður vitandi af mönnunum sínum í Eyjum, án fyrirvinnunar sem þær voru vanar o.s.frv?

Eldgosið hafði augljóslega mikil áhrif á samfélagið í Vestmannaeyjum og birtingarmyndir breytinganna voru margvíslegar. Ég spurði báða hópana hvaða þýðingu svona atburður hefur fyrir samfélagið í Vestmannaeyjum sé litið til þeirra tíma sem við lifum á núna. Þau yngri vilja meina að gosið hafi átt stóran þátt í að móta ímynd þeirra sem Vestmannaeyingar.

- *Ég vil meina við séum bara, sterkari og hugrakkari og stoltari fyrir vikið.*
- *Þetta bara gerir mann að stoltari einstaklingi, svona vitandi það hvað gerðist.*

Annar bendir á að gosið hafi þétt mannskapinn saman, ekki bara á erfiðustu tímunum heldur líka í uppbyggingunni.

- *Það sem þetta hefur náttúrulega gert fyrir samfélagið er að náttúrulega þeir sem komu til baka... það komu náttúrulega alls ekkert allir til baka. Þeir sem komu til baka komu af því þeir vildu hvergi annars staðar vera. Af því hefur þetta orðið svoldið til að þjappa mannskapnum saman og vera stolt af eyjunni sinni og þessu sem þau gerðu að grafa upp bæinn. Bara grafa upp heilan bæ, þetta var... var ekkert eitt dagsverk. Ég meina þau grófu bara upp heilan bæ sem ég held að fáum myndi detta í hug í dag. Við myndum treysta á að ríkið gerði það fyrir okkur.*

Hann bendir einnig á að hraunið sem vall yfir bæinn og skemmdi allt sem það náði taki á hafi einnig haft sína kosti.

- *... en það sem gosið gerði hins vegar fyrir bæjarfélagið er bara einfaldlega að bjarga því. Ég meina við vitum hvernig gengur að sigla í Landeyjahöfn. Hefði ekki gosið þá væri Landaeyjahöfn ekki vandamálið heldur innsiglingin hjá okkur. Því hér var bara rótsjór bara í ákveðnum áttum og ekki hægt að fara hér inn og út sko.*

Hann bendir ennfremur á að ef að aðstæður við innsiglinguna hefðu ekki lagast væri enn erfiðara að búa í Eyjum í dag. Kröfurnar hafa aukist þegar kemur að samgöngum og fjarskiptum og því yrði grundvöllur fyrir byggð í Vestmannaeyjum veikur ef samgöngurnar væru verri en þær eru í dag.

Þegar ég spyr þau eldri út í hvaða þýðingu gosið hefði fyrir Vestmannaeyjar í nútíð bentu þau á að það sé löngu liðin tíð að Eyjamenn geti notað gosið og hörmungarnar tengdar því til að fá stærri hlut af þjóðarkökunni og ná fram betri gæðum í samfélaginu.

- *Ég held sko... samfélagið er svo gjörbreytt. Við erum náttúrulega orðin svo blönduð. Mér finnst svona gosið ekki... ég horfi ekki á gosið sem neitt einhverja lausn fyrir okkur Vestmannaeyinga á hvorki... þið sjáið með ferðir eða samgöngur eða sjúkrahúsið og svona. Það er engin hjálp í gosinu lengur, ekki finnst mér það. Það er bara túrisminn sem er yfir stuttan tíma. Það er ekki útaf gosinu held ég eingöngu. Það er margt annað semspilar inn í en það er alltaf áræðni hérna. Menn eru að reyna en við erum bara á eyju. Það er bara grundvallarmunur að búa á svona eyju eða á fastalandinu. Það er... og sumir bara skilja það ekki. Nú ég er búinn að búa erlendis. Ég flutti nú tvisvar erlendis og maður hefur svona samanburð. Búa í stórborg og litlum bæjum og... þetta samfélag hér er engu líkt.*

Það er þessi áræðni sem á kannski rætur sínar enn lengra aftur en í gosið. Hér öldum saman voru útvegsbændur að berjast við hafið og skipskaðar og manntjón voru hlutir sem samfélagið þurfti reglulega að takast á við. Ásamt því minnst þau á samstöðuna en setja spurningarmerki við að næstu kynslóðum takist að viðhalda henni.

- *Ég held að það sé þessi samstaða og ég er svoldið hrædd við það að þegar þessi kynslóð sem upplifði gosið fellur frá þá verði... ég veit ekki... mér finnst þetta vera svona... ok það er eitthvað verkefni þarna og við förum og tæklum það. Ég held að þetta sé eins við klárum bara þetta verkefni sjálf... mikið til... ég er svo hrædd um það... að kynslóðirnar sem koma lifa á fornri frægð eða einhvern veginn, þið skiljið hvað ég á við. Þetta er svoldið orðið ég um mig frá mér til mín samfélag í dag, en við vitum þegar á reynir að þá er samtakamátturinn ótrúlega sterkur og við höfum alveg sýnt það.*

Þegar þau eldri eru spurð út í hvort þau sjái jákvæðar afleiðingar af gosinu eru þau sammála þeim yngri þegar kemur að vandanum við innsiglinguna sem leystist með skjólinu af nýja

hrauninu. Til viðbótar nefnir einn stórt vandamál sem lengi hafði verið í uppsiglingu því mikil uppbygging hafði verið í húsbyggingum í Vestmannaeyjum frá því á 5. og 6. áratugnum og fram að gosi.

- *Já Helgafellið var að hverfa og gryfjan þarna inni í hún var orðin svakalegt svað. En þarna fengum við byggingarefni þannig að þó að hús foreldra minna hafi farið undir og hverfið mitt og allt svona þá held ég að þetta hafi í raun og veru verið svakaleg blessun fyrir þetta byggðarlag.*

Það verður að segjast eins og er að þessi orð segja mikið um hvernig eldri kynslóðir hugsuðu til að takast á við gosið. Hugarfar margra snérist og snýst um að sjá ljósið í myrkrinu, hugsa í lausnum, henda baksýnispeglinum og horfa fram á veginn.

Mín grunnþekking á gosinu byggist á þeim gamansögum, sem ég minnst á í kaflanum sem snýr að bakgrunni mínum hér fyrr í ritgerðinni, ásamt þekkingu á grunnþáttum í tímalínu gossins. Það er fyrst og fremst fyrir það að aldrei var talað um gosið í minni fjölskyldu. Það leiddi til þess að það var ekki fyrir en ég var orðinn unglingur sem ég áttaði mig á því að e.t.v. hefði gosið verið aðeins meira en eitthvað sem byrjaði og lauk, og svo hafi lífið gengi sinn vanangang eftir það. Ég var orðinn unglingur þegar ég áttaði mig á því að fólki hafi liðið illa, verið hrætt og hafi þurft að færa miklar fórnir til að ég og mín kynslóð gæti búið í Vestmannaeyjum í dag. En þrátt fyrir að ég geri mér grein fyrir því í dag að þetta voru hörmungar þá er alltaf þessi jákvæða glansmynd sem ég sá sem barn mér fremst í huga þegar ég hugsa um gosið. Líklega vegna þess að þó að ég þekki betur fórnirnar í dag er samfélagið hér lifandi sönnun þess að fólkið barðist við náttúruöflin og hafði sigur. Þannig er þetta fólk sem kom aftur og byggði bæinn miklar hetjur í mínum huga. Ég velti því upp við þau yngri hvort þau deildu þessari upplifun með mér.

- *Maður heyrir miklu minna þetta neikvæða heldur en jákvæða, sem mér finnst ótrúleg hetjudáð [að hafa haldið áfram].*

- *Já en það er bara ákveðin frontur sem fólk setur á sig. En þetta sem þú talar um, það er þessi hetjudáð, hún er bara sett fram fyrir allt hitt og hitt er bara svona undirliggjandi og má helst ekki ræða.*

Þegar þau yngri eru spurð hvað einkenni þeirra ímynd af gosinu þá eru þættir eins og mannbjörgin um gosnóttina og þakklæti fyrir hana, og sameiningarmátturinn sem dreif áfram björgunarstarfið í gosinu og uppbygginguna eftir gos. Að öllu leyti er gosið og allt sem það snertir ótrúleg saga sem á sér fáar líkar.

- *Kannski er orðið kraftaverk ekki oft notað um þetta en þetta er ekkert annað. Bara hvernig þetta gerðist, hvernig var tekið á því. Þetta er bara ekkert annað en kraftaverk að hér skuli vera byggð í dag og það er náttúrulega bæði kraftaverk af náttúrunnar hendi og mannavöldum. Það sem samt kannski situr eftir er að það hefur verið týnt úr þetta góða og það látið lifa og slæmu hlutirnir soldið svona... einhvern veginn heyrast ekki eins mikið.*

Þau eldri eiga erfiðara með þessa spurningu mína. Tilfinningar þeirra gagnvart gosinu eru blendnar. Hér er fólk sem upplifði heim sem hvarf og byggði upp nýjan bæ á rústunum.

- *Ja þetta er bara eitthvað sem þú upplifir og maður lifir með því.*
- *Já já, og maður lærir að lifa með.*
- *Og ég sé ekkert annað en jákvætt við það. Við getum ekkert breytt því. Við megum þakka fyrir...það var fólk sem fór og við erum hérna aftur komin.*
- *Ég hefði alveg viljað sleppa þessu...*

Ekki hefðu allir í hópnum viljað missa af gosinu. Nefna þeir, máli sínu til stuðnings, bættu innsiglingu, byggingarefnið og svo þá upplifun sem var að vera í björgunarstarfinu og vinna við hraunkælinguna.

- *Já og við höfðum ekki mikla trú á þessu en við fórum í þetta og hérna... ég var bara í fremstu víglínu. Það hitti svo á. Við vorum komnir upp á alveg... þetta var ótrúlegt... ótrúleg upplifun þegar það kom fullt rör og bara bæng... og við vorum að ýta því til þar sem við vissum að það væri rauðast... hraunið fyrir framan og maður sá bara augnarblik sprenginguna og alveg stærðar grjót í allar áttir og svo sáum við ekki neitt og þurftum að fikra okkur niður með rörinu og það lá við köfnun... en ég hefði ekki viljað missa af þessu. Mikið rosalega stórkostlegt.*

Umræða

Heimaeyjargosið og atburðir sem því tengjast verða að teljast ótrúlegir í alla staði. Í þeim sem upplifðu gosið berjast tilfinningar sem eiga sér rætur í ótrúlegum minningum frá ótrúlegum tíma. Munur á sameignarminni þessara tveggja hópa sem tóku þátt í rannsókninni er auðmerkjanlegur. Munurinn byggist að mínu mati á tveimur grunnþáttum.

Í fyrsta lagi liggur munurinn í því augljósa, það að upplifa gosið. Þau eldri voru á staðnum í lengri eða skemmri tíma eða fylgdust með í fjarlægð þegar gosið vann á Heimaey, braut og bramlaði og skapaði þennan nýja heim sem Vestmannaeyingar gengu inn í að gosi loknu. Þau yngri voru ekki á staðnum enda ekki fædd og geta því aðeins fengið innsýn í hvernig það líf var með því að afla sér heimilda. Seinni þátturinn sem ræður muninum á sameignarminni hópanna er sá að aðgangur að heimildum um gosið takmarkast að mestu við sagnfræðilegar heimildir um tímalínu gossins, líkt og þær birtust í fjölmiðlum á þessum tíma. Einnig má þar nefna Eldheima og sýninguna þar sem og þær bækur og heimildamyndir sem gerðar hafa verið um gosið. Heimildarmyndirnar eru nánast eini vettvangurinn þar sem hægt er að sækja persónulegar frásagnir upplifendanna, sem takmarkast þó við sögur örfárra útvaldra. Að sjálfsögðu er ekki mögulegt að gera öllum sjónarhornum skil en ljóst er að upplifendur völdu að tjá sig sem minnst um upplifun sína af gosinu nema e.t.v. þegar þær upplifanir voru skemmtilegar og gamansamar. Fólk valdi að loka á þetta erfiða og halda uppi hinu góða. Það má svo bersýnilega sjá á viðtali mínu við eldri hópinn að þessi aðferð er enn við lýði. Einn viðmælenda minna minntist á að byggingarefnið sem fékkst með gosinu hafi verið mikil blessun. Hann hafi ekki viljað missa af gosinu þó það hafi kostað hann heimili hans og foreldra hans. Fyrir þann sem hefur ekki heyrt fólk tala á þennan máta kann þetta að þykja frekar einkennileg og sérstök fullyrðing, en það var nákvæmlega þetta viðmót sem kom þessari kynslóð í gegnum erfiðleikana. Að sjá ljósið í myrkrinu.

Ég átti samtali við móður mína eftir að viðtölunum var lokið. Ég spurði hana út í gosið og hvort hún myndi eftir að hún hafi sjálf eða aðrir átt erfiðar stundir á gostímanum. Hún sagðist ekki muna eftir því beint nema hvað að afi hennar, sem hafði unnið hjá bænum og var að vinna í björgunarstarfinu hafi verið sóttur af fjölskyldumeðlimi og færður til Reykjavíkur áður en gosinu lauk, einfaldlega vegna þess að ástandið var þannig að hann var engum til gagns lengur. Hann hafði horft upp á húsið sitt fara undir hraun. Einnig minntist mamma á að minnstu hefði munað að hún og foreldrar hennar hefðu ekki flutt aftur til Eyja. Hvoruga söguna hafði ég heyrt áður því það passaði ekki því þögla samkomulagi sem þeir sem komu aftur gerðu ósjálfrátt með sér, um að tala aðeins um kostina en ekki erfiðleikana. Í mínu tilfelli sögurnar af því þegar afi bjargaði húsi hans og ömmu frá bruna og þegar mamma slapp við prófið. Því má við bæta að afi var iðnaðarmaður og nóg vinna fyrir hann í Eyjum eftir gos. Því var það fjárhagslega rökrétt ákvörðun á þeim tíma fyrir hann og fjölskyldu hans að flytja aftur til Eyja.

Hugarfarið lýsir líka vel hvað skiptir þetta fólk í raun og veru máli. Í Vestmannaeyjum hafði fólk byggt upp sterkt og blómlegt samfélag á árunum fyrir gos. Mikið var af nýbyggingum, unga fólkið vildi skapa framtíð sína í Vestmannaeyjum og þeir eldri voru orðnir rótfastir. Þegar gosið er hafið og ljóst er í hvað stefndi er ljóst að það eina sem getur haldið þessu samfélagi gangandi ef einhvern tíma hættir að gjósa er samtakamáttur og það að þörfum einstaklingsins sé pakkað niður og þarfir samfélagsins í heild verða æðri öllu.

Við, afkomendur kynslóðarinnar sem upplifði gosið erum því firrt af upplifun upplifendanna. Munur á sameignarminni þessa tveggja hópa byggir því fyrst og fremst á þessum aðgangi að upplýsingum sem þeir eldri hafa lokað inni og ræða lítið sín á milli og við afkomendur sína. Eftir stendur glansmyndin sem sigurinn yfir náttúruöflunum og enduruppbygging samfélagsins skóp. Persónulegar upplifanir þeirra sem gengu í gegnum gosið eru svo of fáar og takmarkaðar til að fylla upp í eyðurnar sem standa eftir. Þar er gjá á milli þeirra sem

upplifðu og afkomenda þeirra sem aðeins þeir sem upplifðu geta brúað. Þeir hafa lykilinn að innilokuðum tilfinningum og hinni raunverulegu upplifun. Afkomendurnir geta aðeins kallað yfir gjána og þó þeir fái einstaka sinnum svar gefur það svar ekki mikið upp.

Þetta er skiljanlegt að mínu mati því neikvætt tal um erfiðar tilfinningar er ógn við uppbyggingu. Það getur heldur enginn einn kallað eftir vorkunn þegar allir eiga það sameiginlegt að hafa lent í vandanum. Einnig tel ég að þetta hafi aðeins slæm áhrif á þá sem loka inni þessar tilfinningar. Glansmyndin hefur skapað jákvæða ímynd af Vestmannaeyingum, hvernig þeir takast á við erfiða hluti og vinna í sameiningu að settum markmiðum. Gosið tryggir þá ímynd, a.m.k. á meðan atburðinum er haldið á lofti. Hún hjálpar okkur við að sameinast jafnt þegar gárar á og þegar gengur vel. Á sama tíma tel ég erfitt að brjóta aftur þá glansmynd þó að fleiri og persónulegri upplýsingar bætist í sarpinn. Ég tel að það efli ímynd okkar enn frekar því það hjálpar okkur að skilja betur hvaðan við komum og hvers vegna við viljum búa á þessum stað. Einn úr yngri hópnum benti á eftirfarandi.

- *Vitiði mig langar ofsalega til að fá að heyra... kannski endilega slæmar....mig langar að heyra hvað fólk upplifði. Þú veist mig langar stundum... Auðvitað finnst mér æðislegt að þau bara séu þakklát fyrir... þú veist að bátarnir voru í landi og þau gátu komið aftur en mig langar soldið að vita hvað þú upplifðir. Mig langar til að heyra... maðurinn minn var eftir og ég fór ein með börnin fjögur upp á land og við þurftum bara... Maður er alveg búinn að heyra það en mig langar heyra meira.*

„Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ segir máltækið. Við sem erum afkomendur getum sjálfsagt aldrei skilið það á sama hátt og þeir sem upplifðu gosið. Það breytir þó því ekki að okkur langar að heyra meira til að skilja betur.

Framhaldið og spurningar sem vakna

Þess ber að geta að þessi rannsókn tekur ekki á öllum þeim hópum sem upplifðu gosið og vert er að rannsaka þá einnig á sama máta og gert er í þessari rannsókn. Til mótvægis við þá tvo hópa sem um ræðir í þessari rannsókn má nefna þá sem upplifðu gosið en komu ekki aftur og svo afkomendur þeirra. Er sameignarminni þessara hópa einnig ólíkt og hvernig þá? Hver er munur á sameignarminni þeirra sem komu aftur og þeirra sem gerðu það ekki? Getur verið að afkomendur þeirra sem komu ekki aftur hafi aðra sögu að segja en afkomendur þeirra sem komu aftur?

Heimildaskrá

- Aykac, A. og Kutbay, Y. E. (2016). Battlefield tourism at Gallipoli: The revival of collective memory, the construction of national identity and the making of a long-distance tourism network. *AlmaTourism-Journal of Tourism Culture and Territorial Development*, 7(5), 61-83.
- Berntsen, D. og Thomsen, D. K. (2005). Personal memories for remote historical events: Accuracy and clarity of flashbulb memories related to World War II. *Journal of Experimental Psychology-General*, 134(2), 242-257.
- Berntsen, D., Willert, M. og Rubin, D. C. (2003). Splintered memories or vivid landmarks? Qualities and organization of traumatic memories with and without PTSD. *Applied Cognitive Psychology*, 17(6), 675-693.
- Choque Marino, C. og Díaz Araya, A. (2015). Family file "Modesto Mena" as Symbolic Technology: Identities, Conflict and Collective Memory in Los Altos de Arica. *Di-logo Andino*, 0(46), 123-142.
- Crosby, V. C. (2015). The Culture Bank; Micro-credit, living objects and community development in West Africa. Í R. A. Silverman (ritstjóri), *Museum as Process; Translating Local and Global Knowledges* (bls. 189-207). New York: Routledge, Taylor and Francis Group.
- District Six Museum. (e.d.). *The District Six Museum*. Sótt 27. apríl 2017 af <http://www.districtsix.co.za/index.php>.
- Edy, J. A. (1999). Journalistic uses of collective memory. *Journal of Communication*, 49(2), 71-85.
- Eldheimar. (e.d.). *Um Eldheima*. Sótt 24. apríl 2017 af <http://eldheimar.is/about-museum/>.
- Fried, A. (2006). The personalization of collective memory: The Smithsonian's September 11 exhibit. *Political Communication*, 23(4), 387-405.
- Gill, S. K. (2012). Recalling a Difficult Past: Whites' Memories of Birmingham. *Sociological Inquiry*, 82(1), 29-48.
- Griffin, L. J. (2004). "Generations and collective memory" revisited: Race, region, and memory of civil rights. *American Sociological Review*, 69(4), 544-557.
- Heimaslóð. (e.d.). *Heimaeyjargosið*. Sótt 24. apríl 2017 af <http://www.heimaslod.is/index.php/Heimaeyjargosið>.
- Hirst, W. og Fineberg, I. A. (2012). Psychological perspectives on collective memory and national identity: The Belgian case. *Memory Studies*, 5(1), 86-95.
- Hirst, W. og Manier, D. (2008). Towards a psychology of collective memory. *Memory*, 16(3), 183-200.
- Kligler-Vilenchik, N., Tsfati, Y. og Meyers, O. (2014). Setting the collective memory agenda: Examining mainstream media influence on individuals' perceptions of the past. *Memory Studies*, 7(4), 484-499.
- Kristín Jóhannsdóttir. (2017, mars). Fréttatilkynning – Sögumenn og konur óskast í gagnaver Eldheima. *Eyjafréttir*. Sótt 24. apríl 2017 af <http://www.eyjafrettir.is/frett/frettatilkynning-sogumenn-og-konur-oskst-i-gagnaver-eldheima/2017-03-20>.
- Kvikmyndir.is. (e.d.). *Ég lifi – Vestmannaeyjagosið 1973*. Sótt 24. apríl 2017 af <https://kvikmyndir.is/mynd/?id=7228>.
- Lee, F. L. F. og Chan, J. M. (2013). Generational Transmission of Collective Memory about Tiananmen in Hong Kong: how young rally participants learn about and understand 4 June. *Journal of Contemporary China*, 22(84), 966-983.
- Licata, L., Klein, O. og Gely, R. (2007). Memory of conflicts, conflict of memories: a psychosocial and philosophical approach to the role of collective memory in intergroup reconciliation processes. *Social Science Information Sur Les Sciences Sociales*, 46(4), 563-589.

- Luminet, O., Licata, L., Klein, O., Rosoux, V., Heenen-Wolff, S., van Ypersele, L. og Stone, C. B. (2012). The interplay between collective memory and the erosion of nation states - the paradigmatic case of Belgium: Introduction to the special issue. *Memory Studies*, 5(1), 3-15.
- Maurice Halbwach (1992). *On Collective Memory* (L. A. Coser, þýddi). Chicago og London: The University of Chicago Press. (Upphaflega gefið út 1952).
- Paez, D. R. og Liu, J. H. F. (2011). Collective Memory of Conflicts. Í D. BarTal (ritstj.), *Intergroup Conflicts and Their Resolution: a Social Psychological Perspective* (bls. 105-124). Hove: Psychology Press.
- Prorise, T. O. (1998). The collective memory of the atomic bombings misrecognized as objective history: The case of the public opposition to the national air and space museum's atom bomb exhibit. *Western Journal of Communication*, 62(3), 316-347.
- Rassool, C. (2006). Making the District Six Museum in Cape Town. *Museum International*. 58(1-2), 9-18.
- Ríkisútvarpið. (2014, maí). *Gosminjasafnið Eldheimar opnað í Eyjum*. Sótt 24. apríl 2017 af <http://www.ruv.is/frett/gosminjasafnid-eldheimar-opnad-i-eyjum>.
- Schuman, H. og Rodgers, W. L. (2006). Cohorts, Chronology, and Collective Memories. *Inter-university Consortium for Political and Social Research*.
- Schuman, H. og Scott, J. (1989). Generations and Collective Memories. *American Sociological Review*, 54(3), 359-381.
- Schwartz, B. (1991). Social-Change and Collective Memory - The Democratization of Washington, George. *American Sociological Review*, 56(2), 221-236.
- Schwartz, B. (1997). Collective memory and history: How Abraham Lincoln became a symbol of racial equality. *Sociological Quarterly*, 38(3), 469-496.
- Song, K. Y. og Muschert, G. W. (2013). The Generational Effects on Collective Memories in the Context of International Migration: The Collective Memories of Koreans in South Korea and the U.S. *Sociological Spectrum*, 33(1), 16-35.
- Taiban, S. (2013). From Reikai to Labelabe: Disaster and relocation on the example of Kucapungane, Taiwan. *Anthropological Notebooks*, 19(1), 59-76.
- Teeger, C. (2014). Collective Memory and Collective Fear: How South Africans Use the Past to Explain Crime. *Qualitative Sociology*, 37(1), 69-92.
- Wertsch, J. V. (2011). Underlying Codes and Collective Memory. *Gruppenpsychotherapie Und Gruppendynamik*, 47(4), 310-326.
- Zaromb, F., Butler, A. C., Agarwal, P. K. og Roediger, H. L. (2014). Collective memories of three wars in United States history in younger and older adults. *Memory & Cognition*, 42(3), 383-399.
- Wilson, K. M. (2016). Building memory: Museums, trauma, and the aesthetics of confrontation in Argentina. *Latin American Perspectives*, 43(5), 112-130.
- Withers, D. M. (2011). ss Great Britain and the containment of British collective memory. *International Journal of Heritage Studies*, 17(3), 245-260.